

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra

Félagið var stofnað í júní 1998 og er tilgangur þess að taka á móti, flokka og farga sorpi.

Starfsleyfi til 14 ára var gefið út af Umhverfisstofnun þann 5. febrúar 2014. Starfsleyfið veitir heimild til móttöku og urðunar á allt að 15 þúsund tonnum á ári og til tilrauna með endurnýtingu flokkaðs úrgangs.

Nýtt starfsleyfi felur í sér talsvert auknar skyldur frá fyrra starfsleyfi, taka þarf fleiri sýni til greiningar, auk þess sem sýnutökustöðum fjölgar. Unnið var að rannsóknum er varða oxun metans í yfirborðslagi urðunaraðreina á árinu 2016 og lagt mat á búnað fyrir gassöfnun og hönnun gassöfnunarkerfis.

Tveir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu og greiddi félagið 11,6 millj. kr. í laun, 0,9 millj. kr. í stjórnarlaun, 3,5 millj. kr. í ökutækjastyrk og dagpeninga og 2,9 millj. kr. í launatengd gjöld.

Sorpmagn til urðunar nam um 12.586 tonn á árinu 2016, sem er aukning um 1.361 tonn frá árinu 2015.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2016 að fjárhæð 27,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 155,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé félagsins í árslok 2016 nam 22,2 millj. kr. og breytist ekki á árinu. Hlutfé félagsins skiptist á 10 sveitarfélög á Vesturlandi og greinist það þannig:


Akraneskaupstaður .....	36,0%
Borgarbyggð.....	23,5%
Snæfellsbær.....	12,9%
Stykkishólmsbær.....	9,1%
Grundarfjarðarbær.....	6,7%
Dalabyggð.....	6,0%
Hvalfjarðarsveit.....	3,9%
Eyja- og Miklaholtshreppur.....	1,0%
Skorradalshreppur.....	0,4%
Helgafellssveit.....	0,5%

Stjórn félagsins gerir tillögu um að greiða 20% arð til hluthafa á árinu 2017.

Stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 8. mars 2017.

Í stjórn félagsins:



Framkvæmdastjóri:

